

Ár 2008, mánudaginn 17. mars, kemur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 1/2007:

**A**

**og**

**B**

Úrskurðinn kveða upp Greta Baldursdóttir lögfræðingur, skipaður formaður ad hoc samkvæmt bréfi Biskupsstofu 29. janúar 2008, Arnfríður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn S. Hákonarson.

Upp er kveðinn svohljóðandi:

## ÚRSKURÐUR

### I

Málshefjandi, sem hér eftir verður nefndur sóknaraðili málsins, er A en gagnaðili, sem hér eftir verður nefndur varnaraðili málsins, er B.

Kröfur sóknaraðila eru að varnaraðila verði veitt áminning samkvæmt a-lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Einnig krefst hún þess að varnaraðila verði endanlega vikið úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til samkvæmt d-lið framangreinds ákvæðis.

Kröfur varnaraðila eru aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar en til vara er þess krafist að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum sóknaraðila.

### II

Forsaga máls þessa er sú að í dagblaðinu X, 27. október 2006 var forsiðugrein þar sem stóð að sóknarnefnd ...sóknar gruni lögreglu um njósnir. Þar er haft eftir varnaraðila sem er formaður sóknarnefndar ...sóknar: „*Okkur grunar að fundir sóknarnefndarinnar hafi verið hleraðir. Við gerðum athugasemdir vegna þessara grunsemda til ríkislögreglustjóra en skýringar sem fengust voru frekar ódýrar.*“

Þá kemur fram að vegna þessara grunsemda hefði varnaraðili boðað sóknarnefndarfund í hestshúsi sínu til að tryggja að fundurinn yrði ekki hleraður. Hafði einn fundarmanna þurft að bregða sér af fundinum og séð sóknaraðila sitja í nærliggjandi bíl og eru eftirtarandi ummæli

höfð eftir varnaraðila um þetta: „Hún sat úti í bíl með tæki sem leit út fyrir að vera hlerunarbúnaður. Þetta var að kvöldi til og utan venjulegs vinnutíma.“ Þá er í sömu grein haft eftir sóknaraðila að þetta eigi ekki við rök að styðjast en hún gruni að nefndarmenn séu með þessu að finna eitthvað upp því hún hafi aldrei haft hlerunarbúnað undir höndum og hún viti ekki til að slíkur búnaður sé til hjá ríkislögreglustjóra. Þá er í sömu grein haft eftir C, yfirlögregluþjóni hjá ríkislögreglustjóra að ekki hafi verið um að ræða hlerunarbúnað heldur búnaður til að mæla útbreiðslu talstöðvakerfis. Hafi tilviljun ráðið því að sóknaraðili hafi verið stödd þarna við þessa könnun á þessum stað og tíma. Inni í blaðinu er svo fjallað frekar um málið og sömu ummæli og að framan eru rakin og höfð eru eftir varnaraðila, endurtekin. Þá segir í greininni að varnaraðila gruni sóknaraðila um meintar ólöglegar hleranir á fundum sóknarnefndarinnar en þau orð eru ekki höfð orðrétt eftir varnaraðila.

Umræddur sóknarnefndarfundur var haldinn 1. júní 2004 og á þeim tíma voru miklar deilur í ...sókn meðal annars milli þáverandi sóknarprests, D, og varnaraðila þessa máls. Sóknaraðili er eiginkona D og er hún aðstoðar-yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra.

Með bréfi sóknaraðila til biskups Íslands 13. apríl 2007 kærði hún varnaraðila vegna ummæla hans í opinberu blaðaviðtali í hennar garð og vísaði til framangreindrar greinar í X. Biskupsstofa framsendi erindið úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar með bréfi 2. maí 2007 með þeirri skýringu að ekki væri að svo stöddu séð að erindið ætti að hljóta meðferð biskups Íslands með vísan til 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og ákvæða starfsreglna nr. 730/1998. Sama dag var sóknaraðila tilkynnt um framsendingu erindis hennar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hélt fund hinn 4. júní 2007 og var erindi sóknaraðila tekið til umfjöllunar á fundinum og tekin sú ákvörðun að taka erindið til meðferðar. Í kjölfarið var aðilum tilkynnt með bréfi 6. júní 2007 sú ákvörðun og þeir boðaðir til fundar hjá nefndinni og sóknaraðila gefinn kostur á að skila greinargerð á fundinum. Á fundi nefndarinnar 17. júlí 2007 lagði sóknaraðili fram greinargerð sína. Sóknaraðili ítrekaði með tölvupósti til formanns nefndarinnar að tekin yrði afstaða til þeirrar kröfu hennar að varnaraðila yrði vikið tímabundið úr starfi sem formaður sóknarnefndar ...sóknar á meðan úrskurðarnefnd fjallaði um mál hans. Á fundi nefndarinnar hinn 21. ágúst 2007 lagði varnaraðili fram greinargerð sína. Á fundinum tók nefndin þá ákvörðun að eins og málið væri vaxið væri ekki efni til að leggja til að varnaraðila verði vikið úr starfi sem hann hafi verið kosinn til meðan nefndin fjallaði um málið enda sýnist málið ekki snúast um störf gagnaðila í sóknarnefnd. Var lögmönnum aðila tilkynnt um þessa ákvörðun sem og þá ákvörðun nefndarinnar að málið yrði flutt munnlega

með bréfi 22. Ágúst 2007. Var málið tekið fyrir að nýju hjá nefndinni 28. ágúst 2007 og á þeim fundi lýstu aðilar gagnaöflun lokið og var munnlegur málflutningur ákveðinn 2. október 2007 og þann dag var málið flutt munnlega fyrir nefndinni og tekið til úrskurðar.

Eftir munnlegan málflutning komu upp vangaveltur um vanhæfi formanns nefndarinnar vegna tengsla hennar við lögmann sóknaraðila og jafnvel um vanhæfi annarra nefndarmanna. Tók formaður nefndarinnar ákvörðun um að víkja sæti af þessu tilefni en ekki þóttu efni til að aðrir nefndarmenn vikju sæti. Í kjölfar þess að formaður vék sæti í máli þessu var Greta Baldursdóttir skipaður formaður ad hoc í því með bréfi Biskupsstofu 29. janúar 2008. Var málið endurupptekið á fundi nefndarinnar með nýjum formanni hinn 12. febrúar 2008 og á þann fund mættu sóknaraðili og lögmennt aðila og var þá bókuð sú niðurstaða nefndarinnar að aðrir nefndarmenn teldu ekki efni til að víkja sæti í málinu. Lögmaður varnaraðili upplýsti að hann hefði sent biskup Íslands erindi þar sem gerðar hafi verið athugasemdir við þá ákvörðun að aðrir nefndarmenn en formaðurinn vikju ekki sæti. Óskaði hann eftir fresti í málinu af þeim sökum og var það samþykkt. Var málið svo tekið fyrir að nýju hjá nefndinni hinn 4. mars 2008 og voru þá ekki hafðar uppi athugasemdir við skipun nefndarinnar og var málið flutt munnlega og tekið til úrskurðar í kjölfarið.

### III

Kröfur sóknaraðila byggjast á því að hinn 27. október 2006 hafi varnaraðili komið fram í opinberu blaðaviðtali og hafi þar komið fram hjá honum að hann telji sterkan grun vera á því að lögreglan hafi hlerað fundi sóknarnefndar þegar deilur vegna þáverandi sóknarprests hafi staðið hvað hæst. Þarna sé varnaraðili að ásaka lögregluna um að standa fyrir hlerunum og að sóknaraðili hafi séð um að framkvæma þessar hleranir fyrir lögregluna. Sé mjög alvarleg fullyrðing varnaraðila í blaðaviðtalinu um að sóknaraðili hafi verið staðin að hlerunar- aðgerðum gagnvart fundum sóknarnefndar.

Þá komi fram í umræddu blaðaviðtali sú staðhæfing varnaraðila að sóknaraðili hafi hlerað alla fundi sóknarnefndar. Í framhaldi blaðaviðtalsins hafi bæði morgun- og kvöldfréttir Stöðvar 2 fjallað um málið og vitnað í varnaraðila um ásakanir á sóknaraðila.

Að mati sóknaraðila séu tímasetningar þessara ásakana varnaraðila óskiljanlegar og lýsi aðeins heift hans í garð sóknaraðila og byggji ekki á neinum málefnalegum forsendum. Hér sé um að ræða alvarlegan atvinnuróg og meingerð gagnvart sóknaraðila. Séu umræddar ávirðingar settar fram í blaðaviðtalinu þrátt fyrir að varnaraðili hafi verið veitt áminning áður og honum hljóti að hafa verið ljósar þær skýringar sem opinberlega hafi verið veittar á störfum sóknaraðila á vegum embættis ríkislögreglustjóra. Auk þessa kveður sóknaraðili

varnaraðila hafa verið iðinn við að koma neikvæðum skoðunum sínum á sóknaraðila á framfæri.

Það mál sem varnaraðili fjalli um í umræddu blaðaviðtali hafi komið fram tveimur árum áður, hinn 11. nóvember 2004 þegar varaformaður sóknamefndar, E hafi skrifað ríkislögreglustjóra og kært sóknaraðila fyrir meintar hleranir fyrir utan hesthús, þar sem sóknamefndarfundur hafi verið haldinn. Hafi E skrifað bréfið eftir að varnaraðili hefði lagt fram sams konar kæru á hendur sóknaraðila hjá ríkislögreglustjóra. Kemur fram hjá sóknaraðila að skýringin á veru hennar fyrir utan hesthúsið hafi verið sú að hún hafi verið þarna við athuganir á Tetra fjarskiptakerfinu sem lögreglan noti og hafi hún í umrætt sinn verið að bregðast við kvörtunum um léleg fjarskipti. Henni hafi verið ókunnugt um að fundur stæði yfir í hesthúsinu.

Kveður sóknaraðili að umræddar ásanir um hleranir hafi verið afgreiddar af dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóra sem staðlausir stafir og hafi hún þar með talið að málinu væri lokið. Samkvæmt því sem komi fram í umræddu blaðaviðtali hafi varnaraðili sagt skýringar ríkislögreglustjóra frekar ódýrar. Megi því ætla að varnaraðili hafi ekki lagt trúnað á niðurstöðu málsins og verið ósáttur við þá niðurstöðu. Því hafi hann haldið áfram að ásaka sóknaraðila um glæpsamlega starfshætti.

Kveðst sóknaraðili krefjast þess við afgreiðslu málsins fyrir úrskurðarnefndinni að séð verði til þess að hún fái frið fyrir ásóknum varnaraðila og hann áminntur fyrir framgöngu sína sem starfsmaður þjóðkirkjunnar og vikið varanlega úr öllu starfi fyrir íslensku þjóðkirkjuna. Verði ekki annað séð en að það sé eina ásættanlega niðurstaðan, þar sem hann hafi áður fengið skriflega áminningu vegna framkomu sinnar á kirkjulegum vettvangi.

#### IV

Varnaraðili byggir kröfur sínar um frávísun á því að sóknaraðili falli ekki undir 4. gr. í starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar en þar segi að allir sem hagsmuna eigi að gæta geti borið mál undir úrskurðarnefnd, svo sem kirkjustjórnin (biskup og kirkjuráð), sóknamefnd, einstakir starfsmenn kirkjunnar og aðrir sem starfi innan kirkjunnar.

Úrskurðarnefndin sé stjórnarsýslunefnd sem starfi samkvæmt 12. og 13. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Hafi úrskurðarnefndin það hlutverk að fjalla um og úrskurða í málum sem varði kirkjulegan ágreining sbr. 12. gr. laga nr. 78/1997. Sé hugtakið kirkjulegur ágreiningur þannig skýrt í 3. gr. starfsreglnanna að um sé að ræða ágreining milli þeirra sem upp séu taldir í 4. gr. og varði með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar.

Eins og að framan sé rakið séu taldir upp í 4. gr. starfsreglnanna hverjir það séu sem eigi aðild að slíku máli sem hér sé til umfjöllunar. Sóknaraðili muni vera sóknarbarn í ...sókn en ekki verði séð að hún hafi stöðu til að bera mál undir nefndina. Hafi erindi sóknaraðila og ávirðingar hennar í garð varnaraðila í upphafi verið sent biskupi Íslands sem hafi framsent erindið til úrskurðarnefndarinnar með vísan til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 37/1993 enda hafi erindið ekki átt undir biskup Íslands. Biskup Íslands sé ekki aðili að máli þessu. Samkvæmt þessu eigi sóknaraðili enga kæruaðild til úrskurðarnefndarinnar þar sem ekki sé gert ráð fyrir því að sóknarbörn eða þeir sem starfi eða standi utan þjóðkirkjunnar geti skotið máli til úrskurðarnefndarinnar.

Þessu til viðbótar megi nefna að klögumál sóknaraðila á hendur varnaraðila fjalli ekki um ágreining á kirkjulegum vettvangi. Varði umkvörtunarefni og klögumál hennar eingöngu persónu hennar og atvinnu. Geti persóna sóknaraðila og starf hennar hjá ríkislögreglustjóranum ekki fallið undir kirkjulegan vettvang og verði ekki séð hvernig það geti samræmst hlutverki úrskurðarnefndarinnar að fjalla um málið.

Þá byggir varnaraðili á því að kröfugerð sóknaraðila fyrir nefndinni sé bæði óljós og reikul og samræmist ekki heimildum nefndarinnar samkvæmt 17. gr. starfsreglna fyrir nefndina. Sé krafan um að sóknaraðili fái frið fyrir ásóknum varnaraðila fráleit og að engu hafandi auk þess sem hún sé fjarstæðukennd í því ljósi að varnaraðili hafi ekki átt nein samskipti við sóknaraðila í meira en þrjú og hálf ár. Verði ekki séð að nefndin geti fjallað um klögumál sóknaraðila þegar kröfugerðin sé eins óljós og raun beri vitni. Verði nefndin því að vísa málinu frá enda sé það ekki hlutverk nefndarinnar að lappa upp á óljósar og reikular kröfur sóknaraðila.

Verði málinu ekki vísað frá nefndinni telur varnaraðili að rökin fyrir frávísun eigi að sínu leyti einnig við um kröfu varnaraðila um að kröfum sóknaraðila verði hafnað að breyttu breytanda. Þá megi nefna að umrædd frétt í X 27. október 2006 um meintar hleranir á fundum sóknamefndar ...sóknar sé að öllu leyti rituð af blaðamanni X, F. Sé hún á ábyrgð blaðamannsins og ritstjórnar X. Hafi varnaraðili ekki átt frumkvæði að því að X eða aðrir fjölmiðlar hafi tekið að flytja fréttir af málinu. Þannig hafi fréttin alfarið komið frá blaðamanninum bæði frásögn fréttarinnar og fyrisagnir hennar. Tiltekin ummæli séu þó höfð eftir varnaraðila í beinni orðræðu en þau séu eftir-farandi:

*„Okkur grunar að fundir sóknamefndarinnar hafi verið hleraðir. Við gerðum athugasemdir vegna þessara grunsemda til ríkislögreglustjóra en skýringar sem fengust voru frekar*

*óðýrar.“ ..Hún sat út í bil með tæki sem leit út fyrir að vera hlerunarbúnaður. Þetta var að*

kvöldi til og utan venjulegs vinnutíma.“ Séu fyllgreindu ummælin svo endurtekin í beinni ræðu á blaðsíðu 2 í X og séu aðrir heimildarmenn X fyrir fréttinni, sóknaraðili og C yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra.

Sé ljóst að framangreind tilvitnuð ummæli varnaraðila lýsi viðhorfi allra fulltrúa í sóknarnefnd ...sóknar en ekki persónulegu álitni varnaraðila, sbr. orðin „*Okkur grunar...*“ „*við gerðum athugasemdir...*“ Verði að hafa í huga þegar blaðamaður X hafi haft samband við varnaraðila hafði sóknarnefndin fjallað um hinar meintu hleranir tveimur árum áður og ákveðið að leita til ríkislögreglustjóra og fá málið rannsakað til hlítar.

Hafi viðbrögð sóknarnefndar ...sóknar við grunsemdum sínum um hleranir af fundum nefndarinnar legið fyrir löngu áður en hafi verið samband við varnaraðila frá X. Sjái allir sem vilji að varnaraðili hafi í umræddu „opinbera blaðaviðtali“ verið að lýsa því sem sóknarnefnd ...sóknar gruni og því sem hann hafi eftir öðrum um veru sóknaraðila við hesthúsið umrætt sinn. Með því að ekki sé um að ræða persónulega afstöðu varnaraðila sé ljóst að engar heimildir standi til þess að hann verði látinn sæta ábyrgð vegna ummæla sem höfð séu eftir honum beint í frétt X. Breyti þá engu þótt blaðamaður geri sig sekan um þá ónákvæmni við skrif fréttarinnar á blaðsíðu 2 eða hafa eftir varnaraðila að hann gruni að eiginkona sóknarprestsins stundi hleranir á fundum sóknarnefndar enda fái það ekki stoð í þeim orðum sem höfð séu beint eftir varnaraðila á forsiðu X.

Samkvæmt framansögðu sé því alfarið hafnað sem röngu að varnaraðili hafi viðhaft refsiverð ummæli í garð sóknaraðila sem réttlætt geti viðurlög samkvæmt 17. gr. í starfsreglum nr. 730/1998 sbr. lög nr. 78/1997 enda sé beinlínis röng og fráleit sú fullyrðing sóknaraðila að varnaraðili hafi staðhæft að hún hafi stundað hleranir á fundum sóknarnefndar. Þau orð séu ekki frá varnaraðila komin heldur blaðamanni.

## V

Varnaraðili byggir fyrst og fremst á því að mál þetta eigi ekki undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar þar sem sóknaraðili falli ekki undir 4. gr. starfsreglna um úrskurðarnefndina nr. 730/1998 auk þess sem ágreiningur sá sem hér er til úrlausnar falli ekki undir ágreining í kirkjustarfi. Umræddar starfsreglur eru settar á grundvelli laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Í 1. mgr. 12. gr. þeirra laga segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot, geti þá hver sem hagsmuna eigi að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Samkvæmt þessu má bera undir nefndina annars vegar ágreining sem rís á kirkjulegum vettvangi og hins vegar ágreining um hvort starfsmaður þjóðkirkjunnar hefur

gerst sekur um siðferðis- eða agabrot gagnvart þeim sem þannig vill bera erindi undir nefndina.

Varnaraðli er formaður ...sóknar og er hann sem slíkur starfsmaður þjóðkirkjunnar í skilningi laga nr. 78/1997 eins og slegið var föstu í úrskurði áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2005 D gegn varnaraðila og fleirum. Verður málatilbúnaður sóknaraðila ekki skilinn á annan veg en að hún telji að varnaraðili, sem starfsmaður þjóðkirkjunnar, hafi gerst sekur um siðferðis- eða agabrot gagnvart henni. Hlýtur sóknaraðili því með vísan til framangreinds ákvæðis 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 að hafa af því hagsmuni að bera málið undir nefndina og geta reglur sem settar eru á grundvelli þeirra laga ekki takmarkað þann rétt sem sóknaraðili á samkvæmt skýru orðalagi laganna. Þá er þess að geta að í 3. gr. starfsreglnanna er einungis verið að skilgreina hvað átt sé við með kirkjulegum vettvangi og vísað í því sambandi til ágreinings milli aðila sem taldir eru upp í 4. gr. reglnanna og varði með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar. Í 4. gr. segir að allir sem hagsmuna hafi að gæta geti borið mál undir úrskurðarnefnd og þar taldir upp nokkrir aðilar í dæmaskyni og fer því fjarri að sú upptalning sé tæmandi. Verður því með engu móti séð að framangreindar reglur girði fyrir að sóknaraðili geti borið ágreining þann sem hér er til umfjöllunar undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Þá þykir kröfugerð sóknaraðila ekki óljós í málinu en hún gerir þær kröfur að varnaraðili verði áminntur og vikið úr starfi. Fer ekkert á milli mála hvers hún krefst. Að því virtu sem nú hefur verið rakið eru ekki efni til að verða við kröfum varnaraðila um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi í blaðaviðtali því sem mál þetta fjallar um sakað sóknaraðila um að hafa framkvæmt hleranir fyrir lögregluna og sé mjög alvarleg sú fullyrðing hans um að sóknaraðili hafi verið staðin að hlerunaraðgerðum gagnvart fundum sóknarnefndar. Má af málatilbúnaði sóknaraðila ráða að hún líti svo á að varnaraðili hafi í viðtali sínu við blaðamann gerst sekur um siðferðis- og/eða agabrot gagnvart henni.

Ámælisverð háttsemi starfsmanns þjóðkirkjunnar kann að fela í sér bæði siðferðisbrot og agabrot eða annað hvort. Hefur hugtakið siðferðisbrot óljósa merkingu að lögum en ljóst er að siðferðisbrot þarf ekki að vera brot á lögum og enn síður að vera refsivert brot. Við mat á því hvort starfsmaður kirkjunnar hefur framið siðferðis- eða agabrot skiptir máli hver staða viðkomandi er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verða gerðar strangar kröfur til starfsmanna kirkjunnar um að þeir gæti velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar sem þeir starfa hjá og eru í fyrirsvari fyrir. Hvað snertir

hugtakið agabrot þá er það yfirleitt bundið við brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara.

Í umdeildri grein X eru eftirfarandi ummæli höfð eftir varnaraðila sem formanni sóknamefndar ...sóknar og segir þar orðrétt: „Okkur grunar að fundir sóknamefndarinnar hafi verið hleraðir. Við gerðum athugasemdir vegna þessara grunsemda til ríkislögreglustjóra en skýringar sem fengust voru frekar ódýrar.“ Svo er enn fremur haft eftir varnaraðila: „Hún sat úti í bíl með tæki sem leit út fyrir að vera hlerunarbúnaður. Þetta var að kvöldi til og utan venjulegs vinnutíma.“ Óumdeilt er að í síðari ummælunum er verið að vísa til sóknaraðila. Varnaraðili hefur ekki haldið því fram að þarna sé rangt farið með en kveður að þarna hafi varnaraðili verið að lýsa skoðunum sóknamefndar frekar en eigin skoðunum. Við vinnslu umdæddrar blaðagreinar er vitnað í sóknaraðila, varnaraðila og C yfirlögregluþjón hjá ríkislögreglustjóra og þar haft eftir þeim að hluta til orðrétt það sem þau hafi sagt við blaðamanninn. Af greininni verður ekki annað ráðið en að blaðamaðurinn dragi svo sínar ályktanir af þeim orðum og verður ekkert fullyrt um annað en að það séu hans ályktanir meðal annars þar sem hann segir að varnaraðili gruni sóknaraðila um meintar ólöglegar hleranir á fundum sóknamefndar. Er því ósannað að varnaraðili hafi sagt annað við blaðamanninn en þar er haft eftir honum og hann hefur viðurkennt að hafa sagt.

Varnaraðili getur ekki firrt sig ábyrgð með því að segja „okkur grunar“ og „við gerðum athugasemdir“ og haldið því fram að þar hafi hann verið að lýsa viðhorfi allra fulltrúa í sóknamefnd en ekki persónulegu áliti sínu. Hann ber sjálfur ábyrgð á því sem hann segir og stendur því eftir að meta hvort hann hafi með þeim orðum sem að framan eru rakin gerst sekur um agabrot og/eða siðferðisbrot gagnvart sóknaraðila.

Í umdeildum ummælum er ekkert fullyrt um að sóknaraðili hafi hlerað fundi sóknamefndar, heldur að varnaraðila gruni að svo hafi verið og að honum hafi fundist þær skýringar, sem hafi komið frá ríkislögreglustjóra á veru sóknaraðila fyrir utan hesthúsið þegar sóknarfundur var þar haldinn, ódýrar.

Ekki verður séð að varnaraðili hafi fullyrt að sóknaraðili hafi verið staðin að hlerunaraðgerðum gagnvart fundum sóknamefndar og ekki er við hann að sakast varðandi tímasetningu blaðagreinarinnar. Hins vegar hefði verið varlegra fyrir hann, í ljósi stöðu sinnar og þeirra miklu deilna sem uppi voru í sókninni á þeim tíma sem þarna var vitnað til að láta það ógert að ræða þessi mál við blaðamanninn svo löngu eftir að umræddir atburðir áttu sér stað. Hins vegar verður ekki með nokkru móti séð að tilvitnuð orð sem hann lét falla í viðtali við blaðamanninn feli í sér atvinnuróg og meingerð gegn sóknaraðila þannig að varnaraðili teljist hafa framið aga- eða siðferðisbrot gagnvart henni. Eru því ekki efni til að áminna



varnaraðila eða vikja honum úr starfi, samkvæmt a og d liðum 4 mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 og verður kröfum sóknaraðila því hafnað í máli þessu.

### ÚRSKURÐARORÐ

Hafnað er kröfum varnaraðila, B, þess efnis að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Hafnað er kröfum sóknaraðila, A, þess efnis að varnaraðila verði veitt áminning og vikið úr starfi á kirkjulegum vettvangi samkvæmt a- og d-liðum 4. mgr. 12 gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar samkvæmt 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum er tilkynnt um hann.

Greta Baldursdóttir

Arnfríður Einarsdóttir

Hreinn S. Hákonarson

Rétt endurrit staðfest

17. mars 2008

Greta Baldursdóttir